

141 yður hjermeð þjónustusamlega veittur myndugleiki til að selja beiðandanum ofanefnda 8. nóv. jörð fyrir verð það, er hann býður, og að öðru leyti með skilmálum þeim, sem heimilaðir eru í framannefndum lögum 3. gr., og loks til þess fyrir ráðgjafans hönd að gefa út kaupbrjef fyrir jörðinni.

142 Brjef landshöfðingja til *amtmannsins yfir suður- og vesturamtinu um eptir-*
29. nóv. gjöf á leigum af harðærslánum. — Í tilefni af bónarbrjefum, er hingað hafa komið frá hlutaðeigandi sýslunefndum, og að partil fengnum myndugleika frá ráðgjafanum veiti jeg hjermeð Rangárvallasýslu og Dalasýslu samkvæmt 4. gr. fjárlaganna eptirgjöf á leigum til ársloka 1885 af lánum þeim, er sýslur þessar hafa fengið úr landssjóði árin 1882 og 1883, móti því að frá þeim tíma greiðist af þeim 4% í leigur og að $\frac{1}{8}$ hluti þeirra endurgreiðist síðan á ári hverju, en skuldir þær, sem þessi ákvörðun gildir um, eru:

- Skuld Rangárvallasýslu samkvæmt skuldabryfi 23. okt. 1882 (upphaflega 2000 kr.) nú 1000 kr.
- Skuld Dalasýslu eptir skuldabryfum 6. maí, 3. ágúst og 3. des. 1883 14000 kr.

Þetta læt jeg ekki hjá líða hjermeð þjónustusamlega að kunngjöra yður, herra amtmaður, til birtingar fyrir hlutaðeigandi sýslunefndum, að því viðbættu, að þjer síðan munuð fá vísbendingu um árangurinn af beiðni sýslunefndarinnar í Snæfellsness- og Hnappadalssýslu um ápekka eptirgjöf, er þjer hafið mælt fram með í þóknanlegu brjefi dagsettu 13. p. m.

143 Brjef landshöfðingja til *beggja amtmanna um að fyrirmæli reglugjörðar 13.*
9. des. febr. 1873 skuli brýnd fyrir gjaldheimtumönnum landssjóðsins. — Þareð það opt kemur fyrir, að gjaldheimtumenn landssjóðsins í ýmsum atriðum ekki hegða sjer eptir því, sem fyrir er mælt í reglugjörð 13. febr. 1873, sem hefur inni að halda nákvæmari ákvarðanir um opinber reikningsskil og heimtingu opinberra gjalda á Íslandi, skal jeg þjónustusamlega skora á yður, herra amtmaður, að áminna sýslumenn, bæjarfógeta og umbodsmenn þá, sem þjer eruð yfir skipaðir, um að gæta vandlega ákvarðananna í nefndri reglugjörð og að gefa þeim til kynna, að þeir verði látnir sæta ábyrgð fyrir afbrigði gegn þessum ákvörðunum.

Jafnvel þótt þetta gildi um allar ákvarðanir reglugjörðarinnar skal jeg samt sjerstaklega skora á yður að minna hlutaðeigandi embættismenn á þessar aðalákvarðanir:

- í 2. gr. um afgreiðslu reikninganna innan loka febrúarmánaðar ár hvert fyrir hið næst umliðna ár;
- í 3. og 4. gr. um innheimtu gjaldanna, þá er þau koma í gjalddaga, og greiðslu þeirra í landssjóð, jafnótt og þau eru innheimt;
- í 5. gr. um sundurliðun þess, sem innborgað er í landssjóð, þannig, að skýrt sje tekið fram í brjefum til landshöfðingjans eða landfógetans, þá er ávísanir eru sendar, eða peningar greiddir, fyrir hvaða ár og upp í hverja tekjugrein hver upphæð eigi að koma;
- í 6. gr. um greiðslu þess, sem eptir kann að standa af gjöldunum um leið og reikningurinn er sendur;
- í 11. og 12. gr. um endurrit af hinum fyrirskipuðu gjaldabókum.